Utkomið í A-deild Stjórnartíðindanna.

Konungsbrjef um setning alþingis, undirskrifað af konungi 17. maí 1901. (A. nr. 5, bls. 10—11).

Konungsbrjef um lenging alþingistímans, undirskrifað af konungi s. d. (A. nr. 6, bls. 12—13).

Boðskapur konungs til alþingis, undirskrifaður af konungi s. d. (A. nr. 7, bls. 14—15).

Konungleg auglýsing um að ríkisstjórn skuli falin á hendur ríkisarfa í fjarvist konungs, undirskrifuð af konungi 23. s. m. (A. nr. 8, bls. 16—17).

Brjef landshöfðingja *til stiptsyfirvaldanna yfir Íslandi* **um sölu á kirkjueign.** — Ráðgjafinn fyrir Íslandi hefir í brjefi, dagsettu 27. f. m., skýrt mjer frá, að hans hátign konunginum hafi 18. s. m. allramildilegast þóknazt að veita allrahæst samþykki til þess, að heiðarlandið Grímstunguheiði með hálfum Lambatungum, sem heyrir undir Undirfellsprestakall í Húnavatnsprófastsdæmi, verði seld Áss- og Sveinstaðahreppum frá prestakallinu fyrir 1700 kr., sem ávaxtist og afborgist á 28 árum með alls 6% eða 102 kr. um árið, og eru hjeraf vextir 4% af þeim hluta kaupverðsins, sem á hverjum tíma er óborgaður, en hitt afborgun. Ennfremur er það skilyrði sett, að jafnótt og kaupverðið er greitt, skuli það sett á vöxtu í Söfnunarsjóð Íslands sem óskerðanlegur höfuðstóll, er sje eign prestakallsins, og að 3 krónur af vöxtunum árlega leggist við höfuðstólinn, en að öðru leyti njóti benificiarius vaxtanna, og að nefnt heiðarland framvegis verði skoðað sem bændaeign, að því er alla skatta og skyldur snertir. **73** 23. júlí.

Þetta er yður, herra amtmaður, og yður, herra biskup, með skírskotun til brjefs yðar 18. oktbr. f. á., hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari ráðstöfunar.

Brjef landshöfðingja *til stiptsyfirvaldanna yfir Íslandi* **um prestakallslán (Bjarnaness).** — Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður, og yðar, herra biskup, í brjefi, dagsettu 19. þ. m., og beiðni hlutaðeiganda, vil jeg hjermeð veita samþykki mitt til þess, að presturinn að Bjarnanesi, síra Þorsteinn Benediktsson, taki 800 kr. embættislán upp á prestakallið, sumpart til húsabóta og sumpart til jarðabóta á prestssetrinu, eptir því sem nánara er tiltekið í nefndu brjefi yðar, og er lántökuleyfi þetta þeim skilyrðum bundið, að einungis helmingur lánsins megi takast nú þegar, en hinn helmingurinn, 200 kr. í einu, jafnótt og samsvarandi jarðabætur verða unnar hjereptir, og sannað er á fullnægjandi hátt, að vel sje frá þeim gengið og að þær sjeu að minnsta kosti 200 kr. **74** 30. júlí.

14. dag septembermánaðar 1901.

Ísafoldarprentsmiðja.